



Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir starfsárið 2020

Ég býð ykkur velkomin til níunda ársfundar sjálfseignarstofnunarinnar Þekkingarseturs Suðurnesja sem er haldinn nú í dag 6. maí 2021. Hér verður gerð grein fyrir starfsemi ársins 2020. Nanna Kristjana Traustadóttir bættist við í stjórn Þekkingasetursins núna á fyrsta fundi stjórnar 2021 og tók hún við af Jóhanni Friðrik Friðrissyni.

Í stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja árið 2020 sátu:

- Fríða Stefánsdóttir er fulltrúi Sandgerðisbæjar og stjórnarformaður
- Guðmundur Grétar Karlsson skipaður af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Halldór Pálmar Halldórsson er fulltrúi Rannsóknarseturs HÍ á Suðurnesjum
- Jóhann Friðrik Friðriksson er fulltrúi Keilis
- Björk Guðjónsdóttir er skipuð af Náttúrustofu Suðvesturlands

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Laufey Erlendsdóttir
- Þorvaldur Örn Árnason
- Rögnvaldur Ólafsson
- Sigrún Svafa Ólafsdóttir
- Sindri Gíslason

Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja er Hanna María Kristjánsdóttir og ætlar hún, hér á eftir, að fara yfir starfsemi Þekkingasetursins í ár.

Stjórnin fundaði fimm sinnum á starfsárinu.

Þekkingarsetur Suðurnesja er með samstarfssaming við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem var í gildi út árið 2020. Samningur hefur verið framlengdur út 2021.

Setrið vinnur samkvæmt stefnu sem var samþykkt af stjórn árið 2019. Í henni er fjallað um gildi, leiðarljós, hlutverk og markmið setursins. Gildin eru rannsóknir, fræðsla og fagmennska og hvílir grunnur starfseminnar á þeim. Leiðarljósið sem vísar veginn er að Þekkingasetrið sé miðstöð

rannsóknastarfs og rannsakenda á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum. Hlutverk setursins er að stuðla að eflingu rannsókna, bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu til rannsókna og stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi. Markmiðin snúa að rannsóknum og þróun, háskólanámi og samþættingu þekkingarstarfs, símenntun og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum. Stjórn Þekkingasetursins fór yfir stefnu Þekkingasetursins á þessu ári og endurbætti stefnuna sem lá fyrir frá árinu 2014.

Rannsóknir og þróun

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum eru stoðstofnanir Þekkingasetursins og sjá að miklu leyti um rannsóknarhluta þess. Mikið samstarf er auk þess á milli stofnananna. Áherslusviðin voru sem fyrr fuglafræði, sjávarlíffræði og eiturefnavistfræði.

Í Þekkingasetrinu eru safnsýningar og náttúrugripasýning.

Hér er sýning sem fjallar um ævi og starf franska vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot sem hefur nú staðið í rúman áratug. Sýningin er samstarfsverkefni Suðurnesjabæjar, Háskóla Íslands, Þekkingaseturs Suðurnesja og fjölskyldu Charcot.

Auk sýningarinnar um Charcot er ýmislegt annað forvitnilegt að sjá hér í Þekkingasetrinu. Þar má nefna spennandi náttúrugripasýningu þar sem eru lifandi sjávardýr og rannsóknaraðstaða fyrir börn sem býður upp á spennandi kosti fyrir skólahópa. Sýningin "Huldir heimar hafsins - ljós þangálfanna" eftir Katrínu Þorvaldsdóttur og Eydísi Mary Jónsdóttur og samstarfsfólk þeirra er á neðri hæð setursins.

Heimfaraldur Covid-19 hefur haft nokkur áhrif á starfsemi Þekkingasetursins og þá aðallega á tekjur. Nokkrir hópar hafa þurft að fresta eða hætta við fundi og heimsóknir í Þekkingasetrið og fjöldi leik- og grunnskólanemenda sem heimsækja setrið á vorin voru aðeins um helmingur þess fjölda sem venjulega kemur. Þá var gestafjöldi ársins þriðjungur á við hefðbundið ár. Ekki var hægt að halda starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur sem SSS stendur fyrir ár hvert sem forstöðumaðurinn okkar Hanna María hefur séð um að skipuleggja, sem felur í sér tekjutap, en hún verður vonandi haldin á næsta skólaári. Rannsóknastarf í húsinu hefur að mestu gengið sinn vanagang sem er jákvætt.

Starfsmannahald, fjármál og styrkir

Í dag starfa 3 starfsmenn í Þekkingasetri Suðurnesja í 2,5 stöðugildum, en í sumar voru fjórir sumarstarfsmenn við störf í setrinu vegna átaksverkefnis ríkisins.

Átaksverkefnið

Í vor gafst Þekkingasetrinu tækifæri til að senda Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu tillögur að átaksverkefnum vegna aukinnar þjónustu ríkisins á Suðurnesjum, og voru fimm tillögur sendar. Setrið fékk að endingu 19,5 milljónir af því fjármagni sem sett var í þessa auknu þjónustu og gerði samning við SSS um framkvæmd tveggja verkefna sem valin voru af tillögunum fimm. Annars vegar voru haldin þrjú ókeypis sumarnámskeið fyrir krakka á aldrinum 7-12 ára í sumar og tveir háskólanemar ráðnir til að skipuleggja og sjá um þau. Hins vegar var unnið að þróun raungreinabúða

á Reykjanesi í samstarfi við GeoCamp Iceland sem Hildur Sigfúsdóttir var ráðin til að stýra og við fáum kynningu frá núna á eftir.

Árið 2020 fékk Þekkingasetrið styrk frá Uppbyggingasjóði Suðurnesja uppá 1 milljón, í verkefnið Náttúrufræði og umhverfisvernd fyrir börn. . Verkefnið gengur út á að auka áhuga og þekkingu barna og ungmenna á náttúrufræðum og umhverfisvernd, stuðla að nýjum tækifærum í útikennslu og vettvangsnámi á Suðurnesjum og að kynna Reykjanes UNESCO Global Geopark og landvætti Reykjanes fyrir börnum og ungmennum í gegnum heimsóknir skólahópa í Þekkingarsetur Suðurnesja. Um 1.200 nemendur á leik- og grunnskólastigi heimsækja Þekkingarsetrið á hverju ári og er markmiðið með verkefninu að gera skólahópastarfið markvissara og faglegra með aðkomu náttúrufræðikennara frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja og tengingu við Reykjanes Geopark. Venjulega hefjast heimsóknirnar á fjöruferð út á Garðskaga til að safna lífverum og stefnt er að því að náttúrufræðikennari muni fylgja skólahópunum í þær ferðir og halda fræðslunni áfram þegar komið er í setrið. Þekkingasetrið var einnig samstarfsaðili að umsókn til Þekkingasetursins með Landvættisverkefni Reykjanes UNESCO Global Geopark og Markaðsstofu Reykjanes.

Stjórn Þekkingarsetursins samþykkti rekstraráætlun fyrir árið 2021 á fundi sínum í desember 2020. Áætlaðar tekjur ársins voru um 40,6 milljónir króna og útgjöld um 2,5 hálfri milljón króna hærrí. Tæplega helmingur teknanna kemur frá ríkissjóði eða um 19 milljónir króna. Suðurnesjabær kemur svo til móts við Þekkingasetrið varðandi viðhald húsnæðis og rekstur sýninga. Aðrar tekjur koma frá styrkjum, aðgangseyri og öðrum útseldum verkefnum.

Lokaorð

Covid-19 hafði mikil áhrif á innkomu Þekkingasetursins, bæði vegna færri hefðbundina verkefna sem hingað til hafa aflað okkur tekna og minni tekna á aðgangseyri, en á sama tíma gerðu aðgerðir stjórnvalda Þekkingasetrinu það kleift að halda frábær námskeið yfir sumartímamann fyrir ungmenni og auka við starfsmenn í rannsóknum, sem t.d. leiddi af sér verkefnið sem Hildur ætlar að kynna fyrir okkur á eftir.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og sérstaklega vil ég þakka Hönnu Maríu Kristjánsdóttur forstöðumanni fyrir frábært samstarf.

Fríða Stefánsdóttir
Stjórnarformaður